

Lögreglan - vímuvarnarstefna



Markmið og framkvæmd:

Eitt af grundvallaratriðum í stefnumörkun löggæsluaðila er að ná góðu sambandi við borgarana og koma á samstarfi við einstaklinga, forstöðumenn fyrirtækja og félagsmálayfirvöld.

Til að ná þessu marki eru leikskólar og yngstu bekkir grunnskólanna heimsóttir.

Þá hefur leikskólabörnum verið boðið í heimsókn á lögreglustöðina og hefur það notið vinsælda.

Af hálfu lögreglunnar hefur verið staðið fyrir fundum um forvarnir og öryggisgæslu fyrirtækja.

Í framtíðinni verður haldið áfram á þessari braut og í undirbúningi er borgarafundur um forvarnir í fíkniefnamálum.

Lögreglan er þátttakandi í samstarfsverkefni bæjarstjórnar Borgarbyggðar og SÁÁ, því mikilvægast í dag er að við öll sem búum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu leitum allra ráða til að forða unglíngunum okkar frá fíkniefnum, sem virðast flæða yfir landið.

Besta vörnin er öflug upplýsingagjöf til lögreglunnar.

Þessar upplýsingar þurfa að koma strax til lögreglunnar en ekki löngu eftir að grunur leikur á að um misferli sé að ræða.

Öllum má vera ljóst að lögreglan nær ekki fullkomnum árangri nema íbúarnir taki höndum saman og leggi henni lið.

Við getum gert þetta með því að bæta umferðarmenningu okkar, sérstaklega með því að taka tillit til annarra og fylgja umferðarlögum.

Mikilvægt er einnig að allir reyni að koma í veg fyrir ölvunarakstur.

Að lokum er rétt að benda á að lögreglan þarf að sinna ýmsu sem er óvinsælt sérstaklega fyrir þá sem aðgerðir beinast gegn. Þetta liggur í eðli starfsins og því verður ekki breytt.

En númer eitt hafið það hugfast að starf lögreglunnar er öryggisgæsla fyrir alla, en það er mikið undir íbúunum komið hvernig til tekst.